

Promennt ehf.  
Skeifunni 11b  
108 Reykjavík

Kópavogi, 24. maí 2022  
Tilvísun: M22030043

**Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til þriggja ára**

Vísað er til umsóknar Promennt ehf. sem dagsett er 17. mars 2022 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrrmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Promennt ehf. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Promennt ehf., kt: 670300-2260, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnæði Promennt ehf. eins og því er lýst í umsókninni.

Thelma Clausen Þórðardóttir, settur forstjóri

(Undirritað rafrænt)